

Bókun Ólafs Adolfssonar á bæjarstjórnarfundi 24. maí 2016

Í dag er lögð fram tillaga í bæjarstjórn Akraness um ósk HB-Granda hf um breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, Breiðargötu 8, 8A og 8B. Tillagan markar fyrstu skref fyrirtækisins í þeirri miklu uppbyggingu sem HB-Grandi fyrirhugar á Akranesi. Málið er flókið og umdeilt og hefur reynt verulega á íbúa, stjórnslu Akraneskaupstaðar og starfsmenn HB-Granda. Vandað hefur verið til verka á öllum sviðum og til grundvallar ákvörðun bæjarstjórnar liggur mikil vinna og efni, meðal annars umhverfisskýrsla frá VSÓ og haldnir hafa verið opnir fundir með íbúum á öllum stigum málsins. Í fyrirliggjandi skipulagstillögu er kveðið á um að HB Grandi þurfi að uppfylla ákveðin viðmið varðandi lyktarmengun í fyrsta áfanga verksins til að byggingarleyfi fyrir öðrum áfanga verði veitt. Jafnframt hefur forstjóri fyrirtækisins lýst því yfir að HB Grandi muni ekki halda starfsemi áfram ef ekki næst árangur varðandi lyktarmengun. Ég trúir því að niðurstaða bæjarstjórnar í þessu máli verði Akurnesingum til heilla til lengri framtíðar og að við bæjarfulltrúar munum leggja okkur alla fram við að leita sátta meðal bæjarbúa í kjölfar ákvörðunar bæjarstjórnar í þessu umdeilda máli.

---

Ólafur Adolfsson